

Garðabær
Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 25.1.2022
UST202112-254/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030 og breyting á deiliskipulagi Garðahverfis

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 22. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030 og deiliskipulagi Garðahverfis í Garðabæ.

Í greinargerð kemur fram að breytingin á aðalskipulaginu gengur út á að 1.89 OP Grænigarður stækkað til vesturs, afmörkun íbúðarsvæðis (1.76 Íb) breytist og gert ráð fyrir tengistíg að útivistarstíg niðri við ströndina.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir breytingum á lóðarmörkum og byggingareitum í Katrínarkoti, Háteigi, Hausastöðum, Breiðholti, Miðengi og Pálshúsum. Auk þess er við Dysjar og Nýjabæ 2 afmörkuð ný íbúðarlóð og byggingarreitur. Gerð er breytt á afmörkun Grænagarðs og skilgreind er lóð umhverfis núverandi íbúðarhús í Grænagarði og breyting er á stígakerfi og gönguleiðum.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi deiliskipulagstillöguna dags. 12. apríl 2012.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé metið í tillögunni hver áhrif hennar eru á svæða á náttúruminjaskrá og bendir stofnunin á mikilvægi þess að framkvæmdir á svæðinu raski ekki verndargildi náttúruminjanna.

Útivistarstígur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að haft sé samráð við stofnunina vegna framkvæmda á útivistarstíg og hugmynda um sjóvarnir honum tengdum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur